



Atvinnuveganefnd Alþingis  
- nefndasvið  
Alþingi  
150 Reykjavík

Húsavík 7. febr. 2014

## Athugasemdir við Þingskjal 468 — 256. mál.

### Tillaga til þingsályktunar

### um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2014-2017.

(Lögð fyrir Alþingi á 143. löggjafarþingi 2013-2014.)

#### Almennt um þingsályktunina

Tekið er undir þá markmiðssetningu sem fram kemur í áætluninni hvað varðar jöfnun tækifæra allra landsmanna til atvinnu og þjónustu, jöfnun líf skjara og stuðning við sjálfbæra þróun. Í því samhengi skal sérstaklega minnt á það að sjálfbærnihugtakið snýr að efnahagslegum og félagslegum þáttum ásamt þeim umhverfislegu. Mikilvægt er að stjórnvöld hafi þá staðreynd sérstaklega í huga ætli þau sér raunverulega að leggja sérstaka áherslu á stuðning við svæði sem búið hafa við langvarandi fólksfækkun, atvinnuleysi og einhæft atvinnulíf. Þessa þrívíðu merkingu sjálfbærnihugtaksins er einnig mikilvægt að hafa í huga varðandi jöfnun á stöðu kynjanna, sérstaklega í þeim byggðarlögum sem hafa átt undir högg að sækja. Þar hefur ein skýrasta birtingarmyndin einmitt verið skekkt kynjahlutföll þar sem hallað hefur á hlut kvenna, einkum þeirra yngri og þeirra sem aflað hafa sér menntunar umfram grunnmenntun.

#### Um einstaka kafla þingsályktunarinnar

##### 1.1. Uppbygging öflugs gagnanets

Í ljósi markmiðssetningar þingsályktunartillögunnar verður að segja að þessi efniskafli veldur verulegum vonbrigðum. Á sínum tíma þegar Fjarskiptasjóður bauð út uppbyggingu grunnnets fjarskipta á þeim svæðum sem markaðsbrestur var á voru stór svæði á dreifbýlustu hlutum landsins skilin eftir. Rökin voru þau að markaðsaðilar væru þegar að veita þjónustu á þeim svæðum þó ljóst væri að í hlut áttu vanmáttug fyrirtæki, oft í eigu heimanna, sem í raun voru að reyna að leysa úr brýnni þörf, meira af vilja en mætti. Einnig var það borið fyrir að EES reglur heimiluðu ekki slík inngríp en þeim rökum er vísað til föðurhúsanna, enda ljóst að það regluverk heimilar



veruleg inngríp í uppbyggingu innviða þar sem um markaðsbrest er að ræða. Reynslan hefur svo sýnt okkur að það eru engar markaðslegar forsendur fyrir uppbyggingu kerfisins á dreifbýlustu svæðunum, enda búa þau enn þann dag í dag við óviðunandi gagnaflutningsnet sem m.a. hamlar ýmissi atvinnustarfsemi fyrir utan það að rýra verulega þau búsetugæði sem sjálfsgöð þykja á þessu sviði í dag.

*Því er lagt til að þegar verði skilgreint átaksverkefni á þessu sviði og farið í framkvæmdir á þeim svæðum sem lakast standa þannig að tryggt verði að markmið fjarskiptaáætlunar 2011-2022 náist.*

## 1.2. Orkumál

Hér vantar að skilgreina aðgerðir til að ná fram markmiði um að mæta þörfum atvinnulífs og almennings hvað varðar flutningsgetu og afhendingaröryggi. Hvort tveggja er t.a.m. ófullnægjandi á norðausturhorninu sem m.a. veldur því að öflug sjávarútvegsstarfsemi á Þórshöfn býr við verulega skekkt samkeppnisskilyrði. Einnig vantar verulega upp á það að dreifikerfi í dreifbýli sé stakk búið að þjóna þörfum atvinnulífs þar.

*Lagt er til að skilgreind verði aðgerðaáætlun til að ná skilgreindri markmiðssetningu varðandi flutningsgetu og afhendingaröryggi og henni hrint í framkvæmd.*

## 1.3. Bættar samgöngur

Nú þegar er unnið að því að koma á beinu millilandaflugi bæði til Norðurlands / Akureyrar og Austurlands / Egilsstaða, með stuðningi hins opinbera. Áskoranir þeirra verkefna eru mismunandi en með því að stuðla að auknu samstarfi þeirra á milli og jafnvel sameiningu mætti auka líkur á að árangur næðist.

*Því er lagt til að f. liður verði orðaður þannig: Áfram verði stutt við áætlanir flugklasa á Norðurlandi og Austurlandi um að tryggja beint millilandaflug inn á landshlutann með sérstakri áherslu á aukið samstarf klasanna.*

## 2.2. Stuðningur við einstaklinga

Í ljósi þeirrar erfiðu stöðu sem víða blasir við á varnarsvæðum landsins er nauðsynlegt að grípa sem fyrst til aðgerða sem laðað geta ungt vel menntað fólk til þeirra svæða sem búið hafa við viðvarandi fólksfækkun. Reynslan af þeirri vinnu sem hafin er í verkefninu *Brothættar byggðir* sínir líka, svo ekki verður um villst, að sá tími sem er til stefnu til að snúa þróuninni við er takmarkaður. Því er mikilvægt að grípa nú þegar til aðgerða á þessu sviði gagnvart þeim svæðum sem í hlut eiga, í stað þess að fara af stað með tilraunaverkefni í einum landshluta eins og fram er sett í kafla 2.2. iii. í athugasemdum við tillöguna.

*Lagt er til að ráðist verði í verkefni á þessu sviði á gildistíma byggðaáætlunarinnar á hinum skilgreindu varnarsvæðum öllum og til þess ætlaðir fjármunir á fjárlögum.*



#### 4.2. Opinberar upplýsingar á sviði byggðamála

Mikilvægt er að fyrirbyggjandi upplýsingar hins opinbera nýtist sem best við stöðumat og byggðaðróunarstarf. Til að tryggja það sem best er nauðsynlegt að viðkomandi lykilstofnanir verði þátttakendur í því verkefni sem skilgreint er í a. lið aðgerðanna. Þar vantar því sérstaklega að tilgreina embætti Ríkisskattstjóra.

Lagt er til að í textann undir a. lið verði bætt á eftir Hagstofu Íslands: „ .....  
Ríkisskattstjóra .....“

Virðingarfyllt,

#### Reinhard Reynisson

Framkvæmdastjóri / Managing director

**Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga hf. / Northeast Iceland Development Agency**

Garðarsbraut 5 - 640 Húsavík - Iceland

Sími/Tel: (+354) 464 0415

Gsm/Mobile: (+354) 863 6622

Vefur / Web: [www.atthing.is](http://www.atthing.is)

e-mail: [reinhard@atthing.is](mailto:reinhard@atthing.is)